

Flutningstrygging A

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit

1	Bótaskyldar áhættur	3
2	Það sem bætist ekki	3
3	Gildistími	4
4	Nánar um gildistíma við lok flutnings	4
5	Breyting á ákvörðunarstað	4
6	Tjónakröfur	4
7	Nánar um ákvörðun bóta	5
8	Altjón	5
9	Verðaukatrygging	5
10	Hagsmunir af vátryggingunni - Hverjir eru vátryggðir?	5
11	Skyldur vátryggðs	5
12	Björgunarráðstafanir	5
13	Tafir	6
14	Vátryggingarfjárhæð - eigin áhætta	6
15	Hvernig eru bætur ákvarðaðar?	6
16	Undirtrygging	6
17	Tvítrygging	6
18	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar	6
19	Vátryggður veldur vátryggingaratburði	7
20	Brot á varúðarreglum	7
21	Háttsemi annarra einstaklinga en vátryggðs - reglur um samsömun	7
22	Aukin áhætta	7
23	Tilkynning um tjón	7
24	Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning	7
25	Endurkröfuréttur	7
26	Ágreiningur um bætur	8
27	Varnarþing	8
28	Vernd persónuupplýsinga	8

1 Bótaskyldar áhættur

- 1.1 Vátrygging þessi bætir allt tap eða skemmdir á hinu vátryggða, þó með þeim undantekningum sem segir í grein nr. 2 hér að neðan.
- 1.2 Vátrygging þessi bætir samtjónsframlög og björgunarkostnað, sem jafnað er niður eða ákveðinn er samkvæmt flutningssamningnum og/eða gildandi lögum og venjum og stofnað er til í þeim tilgangi að forðast hverskonar tjón, önnur en þau, sem undanskilin eru í grein nr. 2 og öðrum greinum í skilmálum þessum.
- 1.3 Vátrygging þessi bætir og hluta vátryggðs vegna skaðabótaskyldu, sem á hann kann að falla vegna ákvæðis í flutningssamningi um beggja sök í árekstri (Both to Blame Collision Clause) vegna tjóns, sem bótaskyld er samkvæmt vátryggingu þessari. Komi fram krafa skipseiganda á hendur vátryggðum vegna þessa ákvæðis fellst vátryggður á, að tilkynna það félaginu, sem áskilur sér rétt til, á sinn kostnað, að verja vátryggðan gegn slíkri kröfu.

2 Það sem bætist ekki

- 2.1 Vátrygging þessi bætir aldrei það, sem hér er talið:
 - 2.1.1 Venjulegan leka, venjulega rýrnun í þunga eða rúmmáli, eðlilegt slit eða tæringu á hinu vátryggða.
 - 2.1.2 Tap, skemmdir eða kostnað, sem stafar af ónógum eða óhæfum umbúðum, eða af lélegum frágangi á hinu vátryggða. Undir þetta ákvæði fellur frágangur í gáma og flutningsvagna, en aðeins þegar gengið hefur verið frá hinu vátryggða áður en vátryggingin tók gildi, ellegar þegar vátryggður eða menn í hans þjónustu sáu um fráganginn.
 - 2.1.3 Tap, skemmdir eða kostnað, sem stafar af innri skemmd eða eðli hins vátryggða.
 - 2.1.4 Tap, skemmdir eða kostnað, sem fyrst og fremst stafar af töf, jafnvel þótt töfin hafi orðið vegna bótaskyldrar áhættu. Þetta gildir þó ekki um kostnað sem fellur undir grein nr. 1 hér að framan.
 - 2.1.5 Tap, skemmdir eða kostnað, sem stafar af gjaldþroti eða fjárhagslegum vanefndum eiganda skips, leigutaka eða rekstraraðila þess.
 - 2.1.6 Tap, skemmdir eða kostnað, sem leiðir af notkun stríðsvopns með atom eða kjarnaklofnun og/eða samruna eða annarri hliðstæðri virkni eða geislavirkni.
- 2.2 Vátrygging þessi bætir aldrei tap, skemmdir eða kostnað sem stafar af því að skip eða flutningsfar er óhaffært skip, flutningsfar, flutningstæki, gámur eða flutningsvagn er óhæfur til öruggs flutnings á hinu vátryggða, ef vátryggður sjálfur eða menn í hans þjónustu vissu um það, sem áfátt var, þegar hið vátryggða var lestað.
- 2.3 Félagið mun ekki bera fyrir sig þá vörn gegn bótakröfu, að skipið hafi ekki verið haffært eða hæft til flutnings á hinu vátryggða til ákvörðunarhafnar, ef hvorki vátryggður eða menn í hans þjónustu vissu um það, sem áfátt var.
- 2.4 Vátrygging þessi bætir aldrei tap, skemmdir eða kostnað sem stafar af:
 - 2.4.1 Stríði, borgarastyrjöld, byltingu, vopnaðri eða óvopnaðri uppreisn, borgararóstum þessu samfara, eða fjandsamlegum aðgerðum af hendi stríðsaðila eða gegn honum.
 - 2.4.2 Hernámi, töku með valdi (sjórán undanskilin), farbanni, fartöf eða kyrrsetningu og afleiðingum af þessu eða tilraunum til þessa.
 - 2.4.3 Yfirgefnu tundurdufli, tundurskeyti, sprengju eða öðrum yfirgefnum stríðsvopnum.
- 2.5 Vátrygging þessi bætir aldrei tap, skemmdir eða kostnað sem;
 - 2.5.1 menn í verkfalli eða verkbanni valda, eða þátttakendur í vinnuóeirðum, uppbotum eða borgararóstum,

- 2.5.2 stafar af verkföllum, verkbönum, vinnuóeirðum, uppþotum eða borgararóstum, hermdarverkamenn valda eða þátttakendur í pólitískum aðgerðum.

3 Gildistími

- 3.1 Vátryggingin hefst um leið og sjálfur flutningurinn; þegar hið vátryggða er tekið úr húsi eða annarri geymslu á sendingarstaðnum, sem nefndur er í skírteininu og heldur gildi á venjulegri flutningsleið og lýkur við það, sem fyrst gerist af þessu þrennu:
- 3.1.1 Við komu hins vátryggða í hús móttakanda eða í aðra endanlega geymslu á ákvörðunarstaðnum, sem nefndur er í skírteininu.
- 3.1.2 Við komu í annað hús eða geymslu á ákvörðunarstaðnum eða á leið þangað, sem vátryggður kann að velja annaðhvort til:
- 3.1.2.1 geymslu, sem ekki telst til venjulegrar flutningsleiðar eða
- 3.1.2.2 sölu eða dreifingar eða
- 3.1.3 sextíu dögum eftir að hið vátryggða var losað úr skipinu í endanlegri uppskipunarhöfn.
- 3.2 Ef hið vátryggða er losað í endanlegri uppskipunarhöfn og ákveðið verður, áður en vátryggingunni lýkur, að senda það annað en til ákvörðunarstaðarins, þá lýkur vátryggingunni eins og kveðið er á um hér að framan, en þó aldrei síðar en þegar flutningurinn til nýja ákvörðunarstaðarins hefst.
- 3.3 Vátryggingin heldur gildi sínu (með sömu ákvæðum um slit hennar eins og að ofan greinir og ákvæðum í grein nr. 4 hér á eftir) ef töf verður á ferð, sem vátryggður fær ekki um ráðið, svo og þegar vikið er af leið, losað í neyð, endurlestað eða umskipað eða meðan á sérhverri breytingu á ferð stendur, ef þetta á sér stað samkvæmt heimild í flutningssamningi við eiganda skips eða leigutaka þess.

ATHUGIST VEL:- Ef upp koma tilvik þar sem vátryggingu þessari er haldið áfram í gildi, er nauðsynlegt, að vátryggður tilkynni félaginu það án tafar. Réttur til slíkrar áframhaldandi vátryggingarverndar er háður því, að skyldu þessari verði fullnægt.

4 Nánar um gildistíma við lok flutnings

- 4.1 Ef flutningnum verður slitið áður en honum átti að ljúka eða flutningum lýkur á annan hátt áður en hið vátryggða kemst til skila á ákvörðunarstaðnum, sbr. grein nr. 3 hér að framan, og vátryggður fær engu um þetta ráðið, þá lýkur vátryggingunni um leið, nema vátryggður tilkynni félaginu þegar í stað um það, hvornig komið er og biður um framhaldstryggingu og heldur þá vátryggingin gildi sínu (gegn viðbótariðgjaldi, ef krafist verður) annaðhvort:
- 4.1.1 þar til hið vátryggða er selt í slíkri höfn eða í 60 daga eftir komu hins vátryggða til slíkrar hafnar eða staðar, hvort heldur fyrir verður eða
- 4.1.2 ef hið vátryggða er sent áfram innan nefndra 60 daga til ákvörðunarstaðar, sem nefndur er í skírteini þessu eða annars ákvörðunarstaðar þar til vátryggingunni lýkur í samræmi við ákvæði 3. greinar hér að framan.

5 Breyting á ákvörðunarstað

- 5.1 Ef vátryggður breytir um ákvörðunarstað eftir að vátryggingin hófst, skal hann tilkynna það félaginu tafarlaust. Félagið mun þá halda vátryggingunni í gildi með breytingum á skilmálum og iðgjaldi sem um semst.

6 Tjónakröfur

- 6.1 Vátryggður getur ekki krafist félagið um bætur, nema hann hafi átt vátryggingarhæfa hagsmuni í hinu vátryggða á þeim tíma, þegar tjón varð.

- 6.2 Nú verður bótaskyld tjón á vátryggingartímabilinu, en þó áður en gengið hafði verið frá vátryggingarsamningnum, og á þá vátryggður rétt á bótum, nema hann hafi vitað um tjónið, en félagið ekki, enda ákvæðum greinar 6.1 fullnægt.

7 Nánar um ákvörðun bóta

- 7.1 Ef umsaminni ferð verður slitið áður en henni lýkur, vegna bótaskyldrar áhættu, bætir félagið eðlilegan kostnað við að losa hið vátryggða, geyma það og senda áfram til ákvörðunarstaðar vátryggingarinnar.
- 7.2 Ákvæði 7. greinar gildir ekki um samtjónsframlög og björgun, og er háð ákvæðum í grein nr. 2 hér að framan svo og nær vátryggingin ekki til kostnaðar, ef hann stafar af yfirsjón, vanrækslu, gjaldþroti eða fjárhagslegum vanefndum vátryggðs eða manna í hans þjónustu.

8 Altjón

- 8.1 Tjón telst ekki jafngilda altjóni, nema hið vátryggða hafi verið yfirgefið, annaðhvort vegna þess, að algjört tjón á því hafi virst óumflýjanlegt, eða kostnaður við að bjarga því, gera við það og senda það áfram til ákvörðunarstaðar vátryggingarinnar fari fram úr verði þess þar.

9 Verðaukatrygging

- 9.1 Taki vátryggður verðaukatryggingu á því, sem vátryggt er samkvæmt skírteini þessu, telst umsamið verðmæti þess hækka og verða samanlögð upphæð þessarar vátryggingar og allra verðaukatrygginga. Félagið bætir þá tjón og ábyrgð í því hlutfalli, sem upphæð þessa skírteinis er miðað við heildarvátryggingarverðið. Ef tjón verður er vátryggðum skyld að sanna fyrir félaginu vátryggingafjárhæðir allra annarra vátrygginga.
- 9.2 Ef þessi vátrygging er verðaukatrygging gilda eftirfarandi ákvæði:
- Umsamið verð hins vátryggða telst vera samanlagt vátryggingarverð upphaflegu vátryggingarinnar og allra verðaukatrygginga, sem vátryggður hefur tekið og bætir þá félagið tjón og ábyrgð í því hlutfalli, sem upphæð þessa skírteinis er miðað við heildarvátryggingarverðið. Ef tjón verður er vátryggðum skyld að sanna fyrir félaginu vátryggingafjárhæðir allra annarra vátrygginga.

10 Hagsmunir af vátryggingunni - Hverjir eru vátryggðir?

- 10.1 Vátryggingin er til hagsbóta fyrir vátryggingartaka/eiganda hins vátryggða. Vátryggingin fellur brott við eigendaskipti að hinu vátryggða.
- 10.2 Veðhafar eða aðrir eigendur óbeinna eignarréttinda eiga ekki rétt samkvæmt vátryggingunni, nema sérstaklega sé um það samið við félagið.
- 10.3 Farmflytjandi og aðrir vörslumenn hins vátryggða, meðan á flutningi stendur, njóta ekki vátryggingarverndar samkvæmt skírteini þessu.

11 Skyldur vátryggðs

- 11.1 Þegar hætta er á, að bótaskyld tjón verði eða eftir að tjón hefur orðið, er vátryggðum og mönnum í hans þjónustu og umboðsmönnum hans skyld að:
- 11.1.1 gera ráðstafanir, sem sanngjarnlega má af þeim krefjast til að afstýra tjóninu eða draga úr því og
- 11.1.2 tryggja að allur réttur gagnvart farmflytjanda og öllum öðrum aðilum haldist og verði beitt og mun félagið greiða allan sanngjarnan kostnað þessu samfara auk vátryggingabóta fyrir tjónið.

12 Björgunarráðstafanir

- 12.1 Ráðstafanir, sem vátryggður eða félagið gerir til að bjarga, vernda eða endurheimta hið vátryggða, skal ekki litið á sem afsal eða samþykki á altjóni né rýra rétt hvorugs aðila.

13 Tafir

- 13.1 Það er skilyrði fyrir váttryggingu þessari, að váttryggður bregðist í öllum tilvikum eins fljótt við og sanngjarnlega má ætlast til af honum.

14 Váttryggingarfjárhæð - eigin áhætta

- 14.1 Í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun er getið um váttryggingarfjárhæðir og fjárhæð eigin áhættu.
- 14.2 Tjón bætast í samræmi við þá váttryggingarfjárhæð sem í gildi er á tjónsdegi. Hið sama gildir um eigin áhættu.

15 Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

- 15.1 Bætur miðast við, að svo miklu leyti sem unnt er, að fjárhagsleg staða váttryggðs verði hin sama og fyrir tjónið.
- 15.2 Hið váttryggða bætist að hámarki með þeirri váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 15.3 Bótafjárhæðir skulu taka mið af kostnaði við viðgerð á skemmdum mun eða öflun samsvarandi eða að verulegu leyti samsvarandi munar. Félaginu er í sjálfsvald sett hvort það bætir tjón með peningagreiðslu, greiðir kostnað af fullnægjandi viðgerð á hinum skemmda hlut eða afhendir váttryggðum heila samsvarandi muni og tjón varð á. Þegar um peningagreiðslu er að ræða, nemur fjárhæð bóta að hámarki þeirri fjárhæð sem félagið hefði greitt fyrir viðgerð eða enduröflun hins váttryggða.
- 15.4 Bætur greiðast á grundvelli verðs á nýjum hlutum. Frádráttur vegna aldurs og notkunar kemur því aðeins til greina, að notagildi hlutanna hafi minnkað verulega fyrir váttryggðan.
- 15.5 Ef váttryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu váttryggða í kjölfar tjóns skulu bætur lækka sem því nemur.
- 15.6 Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

16 Undirtrygging

- 16.1 Nauðsynlegt er að váttryggingarfjárhæðin sé í samræmi við verðmæti hins váttryggða. Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en verð hinna váttryggðu hagsmuna, er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim, sem er á váttryggingarfjárhæðinni og verði hins tryggða.

17 Tvítrygging

- 17.1 Ef hagsmunir þeir sem váttrygging þessi tekur til eru einnig váttryggðir með annarri váttryggingu getur váttryggður valið úr hvaða váttryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 17.2 Ef fleiri en eitt váttryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Því getur það félag, sem bætir tjónið, endurkrafið önnur félög hlutfallslega.

18 Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

- 18.1 Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004. Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

- 18.2 Upplýsingar við uppgjör bóta

Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan með einnar viku fyrirvara.

19 Váttryggður veldur váttryggingaratburði

19.1 Ásetningur

Hafi váttryggður hefur af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

19.2 Stórkostlegt gáleysi

Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

20 Brot á varúðarreglum

20.1 Varúðarreglur eru háttænisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta úr váttryggingunni að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt.

20.2 Hafi váttryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

21 Háttsemi annarra einstaklinga en váttryggðs - reglur um samsömun

21.1 Ákvæði sem kveða á um að réttur váttryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis váttryggðs, eiga einnig við um bótarétt váttryggðs vegna samsvarandi háttsemi maka váttryggðs sem býr með honum og manns sem hinn váttryggði býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. b. liður 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

21.2 Þegar váttrygging tengist atvinnustarfsemi á hið sama við um bótarétt váttryggðs vegna samsvarandi háttsemi starfsmanna váttryggðs, sbr. 2. og 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

22 Aukin áhætta

22.1 Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust um breytingar sem varða hina váttryggðu áhættu. Sé látið hjá líða að veita félaginu slíkar upplýsingar getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004.

23 Tilkynning um tjón

23.1 Tjón skal tilkynna félaginu svo fljótt sem verða má. Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.

24 Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning

24.1 Váttryggður glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. laga nr. 30/2004.

24.2 Krafa váttryggðs um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. laga nr. 30/2004.

25 Endurkröfuréttur

25.1 Eigi váttryggður fébótakröfur á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt váttryggðum bætur. Váttryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

26 Ágreiningur um bætur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

27 Varnarþing

27.1 Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

28 Vernd persónuupplýsinga

28.1 Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

28.2 Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttryggingar þessarar aðeins við mat á váttryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á váttryggingavernd og veita váttryggingartaka ráðgjöf um val á váttryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til váttryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

28.3 Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006

Stríðsskilmálar fyrir flutningstryggingar

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga frammar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt frammar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga frammar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Bótaskyldar áhættur

1. Með þeim undantekningum, sem taldar eru í greinum nr. 3 og 4 hér á eftir, bætir vátrygging þessi tap eða skemmdir á hinu vátryggða, þegar orsakir þess eru:
 - 1.1 Stríð, borgarastyrjöld, bylting, vopnuð eða óvopnuð uppreisn, borgararóstur þessu samfara, fjandsamlegar aðgerðir af hendi stríðsaðila eða gegn honum.
 - 1.2 Hernám, taka með valdi, farbann, fartöf eða kyrrsetning, sem leiðir af áhættum, sem falla undir lið nr.1.1 hér að ofan og afleiðingum af þeim eða tilraunum til þeirra.
 - 1.3 Yfirgefið tundurufli, tundurskeyti, sprengja eða önnur yfirgefin stríðsvopn.
2. Vátrygging þessi bætir samtjónsframlög og björgunarkostnað, sem jafnað er niður eða ákveðinn er samkvæmt flutningssamningum og/eða gildandi lögum eða venjum, þegar reynt hefur verið að afstýra tjóni, sem bótaskyld er samkvæmt skilmálum þessum.

Það sem Bætist ekki:

3. Vátrygging þessi bætir aldrei það, sem hér er talið:
 - 3.1 Tap skemmdir eða kostnað, sem rekja má til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis vátryggðs.
 - 3.2 Venjulegan leka, venjulega rýrnun í þunga eða rúmmáli, eðlilegt slit eða tæringu á hinu vátryggða.
 - 3.3 Tap, skemmdir eða kostnað, sem stafar af ógónum eða óhæfum umbúðum, eða af lélegum frágangi á hinu vátryggða. Undir þetta ákvæði fellur frágangur í gáma og flutningsvagna, en aðeins þegar gengið hefur verið frá hinu vátryggða áður en vátryggingin tók gildi, ellegar þegar vátryggður eða menn í hans þjónustu sáu um fráganginn.
 - 3.4 Tap, skemmdir eða kostnað, sem stafar af innri skemmd eða eðli hins vátryggða.
 - 3.5 Tap, skemmdir eða kostnað, sem fyrst og fremst stafar af töf, jafnvel þótt töfin hafi orðið vegna bótaskyldrar áhættu. Þetta gildir þó ekki um kostnað, sem fellur undir grein nr.2 hér að framan.
 - 3.6 Tap, skemmdir eða kostnað, sem stafar af gjaldþroti eða fjárhagslegum vanefndum eigenda skíps, leigutaka eða rekstraraðila þess.
 - 3.7 Sérhverja kröfu, sem byggist á því, að ferð verði ekki farin eða henni verði ekki lokið.
 - 3.8 Tap, skemmdir eða kostnað, sem leiðir af fjandsamlegri notkun stríðsvopns með atóm eða kjarnaklofun og/eða samruna eða annarri hliðstæðri virkni eða geislavirkni.
4.
 - 4.1 Vátrygging þessi bætir aldrei tap, skemmdir eða kostnað sem stafar af því að skip eða flutningsfar er óhaffært skip, flutningsfar, flutningstæki, gámur eða flutningsvagn er óhæfur til örrugs flutnings á hinu vátryggða, ef vátryggður sjálfur eða menn í hans þjónustu vissu um það, sem áfátt var, þegar hið vátryggða var lestað.
 - 4.2 Félagið mun ekki bera fyrir sig þá vörn gegn bótaköfu, að skipið hafi ekki verið haffært eða hæft til flutnings á hinu vátryggða til ákvörðunarstaðar, ef hvorki vátryggður eða menn í hans þjónustu, vissu um það, sem áfátt var.

Gildistími

5.
 - 5.1 Þessi vátrygging
 - 5.1.1 hefst um leið og hið vátryggða er lestað um borð í hafskip og
 - 5.1.2 lýkur, sbr. þó gr. 5.2 og 5.3 hér á eftir, annaðhvort um leið og hið vátryggða er losað úr hafskipinu endanlegri uppskipunarhöfn.

eða

15 dögum, talið er frá miðnætti komudagsins, eftir komu skips til endanlegrar uppskipunarhafnar hvort sem fyrir verður;

engu að síður, ef váttryggður tilkynnir félaginu tafarlaust og greiðir viðbótariðgjald ef krafist verður, tekur váttryggingin

- 5.1.3 gildi að nýju, ef hið váttryggða hefur ekki verið losað úr skipinu og það siglir frá höfninni og
- 5.1.4 lýkur, sbr. þó gr. 5.2 og 5.3 hér á eftir, annaðhvort þegar hið váttryggða er losað í endanlegri uppskipunarhöfn eða annarri höfn, sem kemur í hennar stað eða 15 dögum, talið frá miðnætti komudagsins, eftir komu skipsins til endanlegrar uppskipunarhafnar eða annarrar hafnar sem losað er í, hvort sem fyrir verður.
- 5.2 Ef hafskip kemur til viðkomuhafnar til losunar fyrir framhaldsflutning með skipi eða flugvél eða hið váttryggða er losað í neyðarhöfn, þá, sbr. þó gr. 5.3 hér á eftir og gegn viðbótariðgjaldi, ef krafist verður, heldur þessi váttrygging gildi sínu í 15 daga, talið frá miðnætti komudags skipsins í viðkomandi höfn, en tekur síðan gildi á ný, þegar hið váttryggða er lestað um borð í skið eða flugvél til framhaldsflutnings. Ef hið váttryggða er lestað til framhaldsflutnings innan nefndra 15 daga og
- 5.2.1 flutt verði með hafskipi, þá gilda ákvæði þessara skilmála eða
- 5.2.2 flutt verði með flugvél, en þá gilda stríðsskilmálar fyrir flutningstryggingar.
- 5.3 Ef umsaminni ferð verður lokið annars staðar en í þeirri ákvörðunarhöfn, sem nefnd er í kirteininu, telst nýji staðurinn vera endanleg losunarhöfn og lýkur þá váttryggingunni einsog segir í gr. 5.1.2. Nú verður hið váttryggða síðar sent áfram til umsaminnar ákvörðunarhafnar eða annað og ekur þá váttryggingin gildi á ný, enda verði félaginu tilkynnt um þetta áður en framhaldsflutningurinn hefst og fyrir hann kemur viðbótariðgjald og hefst þá nýji gildistíminn,
- 5.3.1 um leið og hið váttryggða er komið um borð, hafi það verið losað áður,
- 5.3.2 um leið og skipið siglir frá höfninni, hafið hið váttryggða ekki verið losað, síðan lýkur váttryggingunni eins og segir í gr. 5.1.4.
- 5.4 Að því snertir áhættuna af tundurduflum og yfirgefnum tundurskeytum, fljótandi eða neðansjávar, bætir váttryggingin tjón, sem verða meðan verið er að flytja hið váttryggða til eða frá hafskipinu, þó ekki lengur en í 60 daga frá því hið váttryggða var losað úr skipinu, enda ekki verið samið um annað við félagið.
- 5.5 Þótt breytt verði um ferð eða vikið verði af leið samkvæmt heimild í flutningssamningi, heldur váttryggingin gildi sínu innan marka þessara skilmála, enda verði félaginu tilkynnt um þetta án tafar og áskilur félagið sér rétt til viðbótariðgjalds.

Til nánar skilgreiningar á því, sem segir í þessari 5.gr skilmálanna, er eftirfarandi tekið fram "koma" skips til hafnar merkir það, að skipið liggir öruggt við akkeri eða festar innan hafnarvæðisins. Ef á staðnum er ekki um öruggt lægi að ræða, merki "koma", að akkeri hafi verið varpað eða festar gerðar innan hafnarinnar eða við hana. "Hafskip" merkir skip, sem flytur hið váttryggða yfir opið haf, frá einni höfn til annarrar.

6. Ef váttryggður breytir um ákvörðunarstað hins váttryggða eftir að váttryggingin hófst, heldur félagið váttryggingunni í gildi, enda verði því þegar í stað tilkynnt um breytinguna. Verður þá að semja um nýja váttrygginguna og iðgjald.
7. Ef eitthvað í skilmálum þessum stangast á við ákvæðin í greinum 3.7, 3.8 og 5 hér að framan, hefur það ekkert gildi.

Tjónakröfur

8. 8.1 Váttryggður getur ekki krafist félagið um bætur, nema hann hafi átt váttryggingarhæfa hagsmuni í hinu váttryggða á þeim tíma, þegar tjón varð.

- 8.2 Nú verður bótaskyld tjón á vátryggingartímabilinu, en þó áður en gengið hafði verið frá vátryggingarsamningnum, og á þá vátryggður rétt á bótum, nema hann hafi vitað um tjónið, en félagið ekki, enda ákvæðum gr. 8.1 fullnægt.
9. 9.1 Taki vátryggður verðaukatryggingu á því sem vátryggt er samkvæmt skirteini þessu telst umsamið verðmæti þess hækka og verða samanlögð upphæð þessarar vátryggingar og allrar verðaukatrygginga. Félagið bætir þá tjón og ábyrgð í því hlutfalli, sem upphæð þessa skirteinis er miðað við heildarvátryggingarverðið. Ef tjón verður er vátryggðum skyld að sanna fyrir félaginu vátryggingarfjárhæðir allra annarra vátrygginga.
- 9.2 Ef þessi vátrygging er verðaukatrygging gilda eftirfarandi ákvæði:
- Umsamið verð hins vátryggða telst vera samanlagt vátryggingarverð upphaflegu vátryggingarinnar og allra verðaukatrygginga, sem vátryggður hefur tekið og bætir þá félagið tjón og ábyrgð í því hlutfalli, sem upphæð þessa skirteinis er miðað við heildarvátryggingarverðið. Ef tjón verður er vátryggðum skyld að sanna fyrir félaginu vátryggingarfjárhæðir allra annarra vátrygginga.

Hagsmunir af vátryggingunni

10. Farmflytjandi og aðrir vörslumenn hins vátryggða, meðan á flutningi stendur, njóta ekki vátryggingarverndar samkvæmt skirteini þessu.

Skyldur vátryggðs

11. Þegar hætta er á, að bótaskyld tjón verði eða eftir að tjón hefur orðið, er vátryggðum og mönnum í hans þjónustu og umboðsmönnum hans skyld að
- 11.1 gera ráðstafanir, sem sanngjarnlega má af þeim krefjast til að afstýra tjóninu eða draga úr því og
- 11.2 tryggja að allur réttur gagnvart farmflytjanda og öllum öðrum aðilum haldist og verði beitt og mun félagið greiða allan sanngjarnan kostnað þessu samfara auk vátryggingabóta fyrir tjónið.
12. Ráðstafanir, sem vátryggður eða félagið gerir til að bjarga, vernda eða endurheimta hið vátryggða, skal ekki litið á sem afsal eða samþykki á altjóni né rýra rétt hvorugs aðila.

Tafir

13. Það er skilyrði fyrir vátryggingu þessari, að vátryggður bregðist í öllum tilvikum eins fljótt við og sanngjarnlega má ætlast til af honum.

ATHUGIST VEL: - Ef upp koma tilvik þar sem vátryggingingu þessari er haldið áfram í gildi, er nauðsynlegt, að vátryggður tilkynni starfsmönnum Sjóvá það án tafar. Réttur til slíkrar áframhaldandi vátryggingarverndar er háður því, að skyldu þessari verði fullnægt.

Verkfallsskilmálar fyrir flutningstryggingar

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Bótaskyldar áhættur

1. Með þeim undantekningum, sem taldar eru í greinum nr. 3 og 4 hér á eftir, bætir váttrygging þessi tap eða skemmdir á hinu váttryggða, sem
 - 1.1 menn í verkfalli eða verkbandi valda, eða þátttakendur í vinnuóeirðum, uppötum eða borgararóstum.
 - 1.2 hermdarverkamenn valda eða þátttakendur í pólitískum aðgerðum.
2. Váttrygging þessi bætir samtjónsframlög og björgunarkostnað, sem jafnað er niður eða ákveðinn er sakvæmt flutningssamningum og/eða gildandi lögum eða venjum, þegar reynt hefur verið að afstýra tjóni, sem bótaskyld er samkvæmt skilmálum þessum.

Það sem Bætist ekki:

- 3 Váttrygging þessi bætir aldrei það, sem hér er talið:
 - 3.1 Tap, skemmdir eða kostnað, sem rekja má til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis váttryggðs.
 - 3.2 Venjulegan leka, venjulega rýrnun í þunga eða rúmmáli, eðlilegt slit eða tæringu á hinu váttryggða.
 - 3.3 Tap, skemmdir eða kostnað, sem stafar af ónógum eða óhæfum umbúðum, eða af lélegum frágangi á hinu váttryggða. Undir þetta ákvæði fellur frágangur í gáma og flutningsvagna, en aðeins þegar gengið hefur verið frá hinu váttryggða áður en váttryggingin tók gildi, ellegar þegar váttryggður eða menn í hans þjónustu sáu um fráganginn.
 - 3.4 Tap, skemmdir eða kostnað, sem stafar af innri skemmd eða eðli hins váttryggða.
 - 3.5 Tap, skemmdir eða kostnað, sem fyrst og fremst stafar af töf, jafnvel þótt töfin hafi orðið vegna bótaskyldrar áhættu. Þetta gildir þó ekki um kostnað, sem fellur undir grein nr. 2 hér að framan.
 - 3.6 Tap, skemmdir eða kostnað, sem stafar af gjaldþroti eða fjárhagslegum vanefndum eiganda skips, leigutaka eða rekstraraðila þess.
 - 3.7 Tap, skemmdir eða kostnað, sem stafar af vöntun eða skorti á hverskonar vinnu, þegar um er að kenna verkfalli, verkbandi, vinnuóeirðum, uppöti eða borgararóstum.
 - 3.8 Sérhverja kröfu, sem byggist á því, að ferð verði ekki farin eða henni verði ekki lokið.
 - 3.9 Tap, skemmdir eða kostnað, sem leiðir af notkun stríðsvopns með atóm eða kjarnaklofnun og/eða samruna eða annarri hliðstæðri virkni eða geislavirkni.
 - 3.10 Tap, skemmdir eða kostnað, þegar orsökina er stríð, borgarastyrjöld, bylting, vopnuð eða óvopnuð uppreisn, borgararóstur þessu samfara, eða fjandsamlegum aðgerðum stríðsaðila eða gegn honum.
4.
 - 4.1 Váttrygging þessi bætir aldrei tap, skemmdir eða kostnað, sem stafar af því að Skip eða flutningsfar er óhaffært skip, flutningsfar, flutningstæki, gámur eða flutningsvagn er óhæfur til öruggs flutnings á hinu váttryggða, ef váttryggður sjálfur eða menn í hans þjónustu vissu um það, sem áfátt var, þegar hið váttryggða var lestað.
 - 4.2 Félagið mun ekki bera fyrir sig þá vörn gegn bótakröfu, að skipið hafi ekki verið haffært eða hæft til flutnings á hinu váttryggða til ákvörðunarstaðar, ef hvorki váttryggður eða menn í hans þjónustu vissu um það, sem áfátt var.

Gildistími

5.
 - 5.1 Váttryggingin hefst um leið og sjálfur flutningurinn; þegar hið váttryggða er tekið úr húsi eða annarri geymslu á sendingarstaðnum, sem nefndur er í skírteininu og heldur gildi á venjulegri flutningsleið og lýkur við það, sem fyrst gerist af þessu þrennu:

- 5.1.1 Við komu hins vátryggða í hús móttakanda eða í aðra endanlega geymslu á ákvörðunarstaðnum, sem nefndur er í skírteininu.
 - 5.1.2 Við komu í annað hús eða geymslu á ákvörðunarstaðnum eða á leið þangað, sem vátryggður kann að velja annaðhvort til
 - 5.1.2.1 geymslu, sem ekki telst til venjulegrar flutningsleiðar eða
 - 5.1.2.2 sölu eða dreifingareða
 - 5.1.3 Sextíu dögum eftir að hið vátryggða var losað úr skipinu í endanlegri uppskipunarhöfn.
- 5.2 Ef hið vátryggða er losað í endanlegri uppskipunarhöfn og ákveðið verður, áður en vátryggingunni lýkur, að senda það annað en til ákvörðunarstaðarins, þá lýkur vátryggingunni eins og kveðið er á um hér að ofan, en þó aldrei síðar en þegar flutningurinn til nýja ákvörðunarstaðarins hefst.
- 5.3 Vátryggingin heldur gildi sínu (með sömu ákvæðum um slit hennar eins og að ofan greinir og ákvæðum í grein nr. 6 hér á eftir) ef töf verður á ferð, sem vátryggður fær ekki um ráðið svo og þegar vikið er af leið, losað er í neyð, endurlestað eða umskipað eða meðan á sérhverri breytingu á ferð stendur, ef þetta á sér stað samkvæmt heimild í flutningssamningi við eiganda skips eðaleigutaka þess.
- 6 Ef flutningnum verður slitið áður en honum átti að ljúka eða flutningnum lýkur á annan hátt áður en hið vátryggða kemst til skila á ákvörðunarstaðnum, sbr. grein nr. 5 hér að framan, og vátryggður fær engu um þetta ráðið, þá lýkur vátryggingunni um leið, nema vátryggður tilkynni félaginu þegar í stað um það, hvernig komið er og biður um framhaldstryggingu og heldur þá vátryggingin gildi sínu (gegn viðbótariðgjaldi, ef krafist verður) annaðhvort
- 6.1 Þar til hið vátryggða er selt í slíkri höfn eða í 60 daga eftir komu hins vátryggða til slíkrar hafnar eða staðar, hvort heldur fyrr verður
- eða
- 6.2 ef hið vátryggða er sent áfram innan nefndra 60 daga til ákvörðunarstaðar, sem nefndur er í skírteini þessu eða annars ákvörðunarstaðar þar til vátryggingunni lýkur í samræmi við ákvæði 5. greinar hér að framan.
- 7 Ef vátryggður breytir um ákvörðunarstað eftir að vátryggingin hófst, skal hann tilkynna það félaginu tafarlaust. Félagið mun þá halda vátryggingunni í gildi með þeim breytingum á skilmálum og iðgjaldi sem um semst.

Tjónakröfur

- 8
 - 8.1 Vátryggður getur ekki krafist félagið um bætur, nema hann hafi átt vátryggingarhæfa hagsmuni íhina vátryggða á þeim tíma, þegar tjón varð.
 - 8.2 Nú verður bótaskyld tjón á vátryggingartímabilinu, en þó áður en gengið hafði verið frá vátryggingarsamningum, og á þá vátryggður rétt á bótum, nema hann hafi vitað um tjónið, en félagið ekki, enda ákvæðum greinar 8.1 fullnægt.
- 9
 - 9.1 Taki vátryggður verðaukatryggingu á því sem vátryggt er samkvæmt skírteini þessu, telst umsamið verðmæti þess hækka og verða samanlögðu upphæð þessarar vátryggingar og allra verðaukatrygginga. Félagið bætir þá tjón og ábyrgð í því hlutfalli, sem upphæð þessa skírteinis er miðað við heildarvátryggingarverðið.

Ef tjón verður er vátryggðum skylt að sanna fyrir félaginu vátryggingafjáæðir allra annarra vátrygginga.
 - 9.2 Ef þessi vátrygging er verðaukatrygging gilda eftirfarandi ákvæði:

Umsamið verð hins vátryggða telst vera samanlagt vátryggingarverð upphaflegu vátryggingarinnar og allra verðaukatrygginga, sem vátryggður hefur tekið og bætir þá félagið tjón og ábyrgð í því hlutfalli, sem upphæð þessa skirteinis er miðað við heildarvátryggingarverðið.

Ef tjón verður er vátryggðum skylt að sanna fyrir félaginu vátryggingafjárhæðir allra annarra vátrygginga.

Hagsmunir af vátryggingunni

- 10 Farmflytjandi og aðrir vörslumenn hins vátryggða, meðan á flutningi stendur, njóta ekki vátryggingarverndar samkvæmt skirteini þessu.

Skyldur vátryggðs

- 11 Þegar hætta er á, að bótaskyld tjón verði eða eftir að tjón hefur orðið, er vátryggðum og mönnum í hans þjónustu og umboðsmönnum hans skylt að
- 11.1 gera ráðstafanir, sem sanngjarnlega má af þeim krefjast til að afstýra tjóninu eða draga úr því og
- 11.2 tryggja að allur réttur gagnvart farmflytjanda og öllum öðrum aðilum haldist og verði beitt og mun félagið greiða allan sanngjarnan kostnað þessu samfara auk vátryggingabóta fyrir tjónið.
- 12 Ráðstafanir, sem vátryggður eða félagið gerir til að bjarga, vernda eða endurheimta hið vátryggða, skal ekki litið á sem afsal eða samþykki á alltjóni né rýra rétt hvorugs aðila.

Tafir

- 13 Það er skilyrði fyrir vátryggingu þessari, að vátryggður bregðist í öllum tilvikum eins fljótt við og sanngjarnlega má ætlast til af honum.

ATHUGIST VEL: - Ef upp koma tilvik þar sem vátryggingu þessari er haldið áfram í gildi, er nauðsynlegt, að vátryggður tilkynni starfsmönnum Sjóvá það án tafar. Réttur til slíkrar áframhaldandi vátryggingarverndar er háður því, að skyldu þessari verði fullnægt.

Undanþáguákvæði um geislamengun

Sérskilmáli þessi gildir framfar öllum öðrum ákvæðum váttryggingar þessarar sem kunna að stangast á við hann.

- Váttryggingin bætir ekki í neinum tilvikum tjón eða kostnað sem að einhverju eða öllu leyti stafar beint eða óbeint af eða á upptök sín í eða frá:
 - jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorku- eldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu urringkjarn - orkueldsneytis;
 - geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarn- orkubúnaði eða hluta þeirra;
 - hvers konar vopnum þar sem beitt er frumeinda- eða kjarnaklofningu og/eða samruna frumeinda eða kjarna eða öðrum svipuðum kjarnahvörfum, geislaafli eða geislandi efni.
 - geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum hvers konar geislandi efna. Undanþága þessa ákvæðis nær ekki til geislavirkra ísótópa, annarra en kjarnorkueldsneytis, þegar slíkir ísótópar eru undirbúnir, fluttir, geymdir eða notaðir í viðskiptum, í landbúnaði, til lækninga, í vísindaskyni eða öðrum líkum friðsamlegum tilgangi
 - hvers kyns efnavopnum, lífefnavopnum, líffræðilegum- eða rafsegulsvopnum

10/11/2003

INSTITUTE RADIOACTIVE CONTAMINATION, CHEMICAL, BIOLOGICAL, BIO- CHEMICAL AND ELECTROMAGNETIC WEAPONS EXCLUSION CLAUSE

CL. 356